

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (Reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Förch Holrýmisvax Plus glært L264**
Vörunúmer: **349 6620 6095 1 L**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Holrýmis/tæringarvörn
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili: **AB Varahlutir ehf.** Framleiðandi: Theo Förch GmbH
Funahöfða 9 D-74196 Neuenstadt
110 Reykjavík Þýskalandi
Sími: 567 6020 00-49-7139/95-0
Netfang: ab@ab.is info@foerch.de
Veffang: www.ab.is www.foerch.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfimir vökvi og gufa	Eldf.vökvi 3
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H226	Eldfimir vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar.
P260	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P301+P310+P331	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni. Ekki framkalla uppköst.
P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Inniheldur: Vetniskolefni, C9-C10, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	50 - 70
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	927-241-2	H-setningar	-
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , SEM-VES 3 - H336 , Langv.eit.á vatn 3 - H412			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er á ástandi hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hlíðarlegu og leita lækni. Notið viðeigandi búnað stöðvist öndun. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega. Sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Skolið munn með vatni. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Ásvelgingarhætta.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni við innöndun: Erting í öndunarvegi. Einkenni við inntöku: Meltingartruflanir, ógleði, uppköst, ásvelgingarhætta. Langvinn eiturhrif: Affitun, þurrkur og sprungur í húð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Magadæling aðeins með slöngu um vélinda. Kanna skal hvort lungnabólga eða lungnabjúgur hafi myndast.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkvilduft, sandur, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, eitrúð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarþúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun olíuúða. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið ísogsefni svo sem olíubindiefni, sand, sag, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Notið ekki vatn eða vatnslausnir við hreinsun mengaðs svæðis.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist úðamyndun, hátt hitastig og myndun stöðurafmagns. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergis-hita, á þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist raka, hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar		800			WEL
Paraffinax og vetniskolefnavax (gufa)		2		6	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1500	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	300	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	900	mg/m3

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar**Augnhlífar****Húð - hendur**

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrilgúmmíi. (EN374, >=0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín.).

Einnig má nota PVC hanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað**Öndunarfæri**

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síugerð A2 P2.

Litarkódi brúnn/hvítur (EN14387).

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Jarðolíulykt
Litur:	Tær
Blossamark:	30°C (DIN EN 2719)
Tendrunarmark:	240°C (DIN 51794)
Eðlismassi við 15°C:	0,820 g/cm ³ (DIN 51757)
Vatnsleysni:	Óleysanlegt
Sprengifími:	Varan er ekki sprengifim, en getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.
Seigja (40°C):	<20,5 mm ² /s (ISO 2431 (4mm))
Oxandi eiginleikar:	Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nitroxíð, brennisteinsoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	>4951	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Ertandi og affitandi			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt			OECD 453
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt			OECD 414
Ásvelgingarhætta		Já			
Eiturrhif á marklíffæri- eitt skipti		Sljóleiki og vanlíðan			
Eiturrhif á marklíffæri- endurtekin		Neikvætt			OECD 408
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, þurr og sprungin húð.			

Paraffinvax og vetniskolefnavax					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Einkenni				Niðurgangur	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Holrýmismisvax Plus glært L264, 1L					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Þrávirkni og niðurbrot		Reynið eftir megni að forðast dreifingu með notkun olíuskilju			
Annað		Inniheldur engin AOX efni (Adsorbable organic halogen compounds)			

Vetniskolefni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <2% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL ₅₀	>10-<30 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL ₅₀	>22-<46 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EL ₅₀	>1000 mg/l	72 klst	Þörungur	
Þrávirkni og niðurbrot		89% (28 d)			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Vatnsleysanleiki		0,04 g/l (20°C)			

Paraffinvax og vetniskolefnavax					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>500 mg/l	48 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL ₅₀	>10000 mg/l		Daphnia	
Eiturhrif	NOEC/NOEL	>100 mg/l		Þörungur	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar hratt niður			
Uppsöfnun í lífverum	BCF	25,9			Nokkur uppsöfnun
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	3			Nokkur uppsöfnun

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

07 06 99 (úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti)

13 02 08 (Aðrar vélar-, gír- og smuroliur)

Óhreinarn umbúðir

Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinarn umbúðir má endurvinnna.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 01 (pappírs- og pappaubúðir)

15 01 02 (plastumbúðir)

15 01 04 (málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer	1268
Efnisheiti v. flutninga:	PETROLEUM PRODUCTS N.O.S.
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	III
Hættuundirflokkur:	F1
Jarðgangaflokkun:	D/E
Mengunarhætta:	Já

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 1268
Efnisheiti v. flutninga: PETROLEUM PRODUCTS N.O.S. (HYDROCARBONS C9-C11)
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: III
EmS: F-E, S-E
Mengunarhætta: Já

**IATA:**

UN Númer 1268
Efnisheiti v. flutninga: PETROLEUM PRODUCTS N.O.S.
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: III



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.
VOC (2010/75 EB) : 68%

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfímur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 2/13.02.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GMBH
SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
6620 6095 CAVITY WAX TRANSPARENT PLUS L264 1L

Útgáfa:

06.08.2018 *Útgáfa* 0011